

HD sameinar reynslu, sérþekkingu og öfluga þjónustu sem heldur íslenskum iðnaði gangandi.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum HD:

sala@hd.is
+354 560 3600



Iðn- og tækniþjónusta fyrir íslenskan iðnað

Ykkar þarfir – okkar drifkraftur

HD stendur vörð um rekstraröryggi

Þegar lykilbúnaður bilar skiptir hver klukkustund máli. Með reynslu, sérþekkingu og öflugri þjónustu hjálpar HD fyrirtækjum að lágmarka niðritíma og halda rekstrinum gangandi.

HD sameinar þekkingu, tækni og framkvæmd sem heldur íslenskum iðnaði gangandi.

- Heildstæð þjónusta
- Yfir 25 ára reynsla
- Alþjóðleg gæðavottun
- Vottaðir verkferlar
- Sérhæfing í innviðum og lykilbúnaði



Heildstæð þjónusta fyrir allan iðnað

Traustar lausnir byggðar á reynslu og fagmennsku
Áreiðanlegur rekstur er forsenda framleiðni og samkeppnishæfni. Þegar lykilbúnaður bilar eða framleiðsla stöðvast skiptir hver klukkustund máli. Því er mikilvægt að hafa traustan þjónustuaðila sem getur brugðist hratt við og tryggt faglega framkvæmd, hvort sem um er að ræða nýframkvæmdir, uppsetningar, reglubundið viðhald eða bráðaviðgerðir.

HD er eitt stærsta iðn- og tækniþjónustufyrirtæki landsins og hefur í yfir 25 ár þjónustað mikilvæga innviði og lykilatvinnugreinar Íslands. Fyrirtækið býður heildstæða þjónustu sem spannar allt frá ráðgjöf og verkfræðihönnun til smíði, uppsetningar, viðhalds, viðgerða og ástandsgreiningar.

Með öflugum verkstæðum, sérhæfðri vettvangsþjónustu og reynslumiklu teymi sérfræðinga styður HD við öruggan og áreiðanlegan rekstur fyrirtækja um allt land.



Fjölbreytt þjónusta úr einni hendi

HD sameinar fjölbreytta sérfræðiþekkingu undir einu þaki og veitir fyrirtækjum heildstæða þjónustu frá fyrstu ráðgjöf til uppsetningar, viðhalds og áframhaldandi þjónustu.

- Stálsmíði og vottuð suðuvinna
- Véltækni og viðgerðir
- Uppsetning og vettvangsþjónusta
- Búnaður og varahlutir
- Ástandsgreining og NDT
- Orku- og virkjanþjónusta
- Verkstjórn og tækniráðgjöf

Gæði sem standast kröfur iðnaðarins

HD starfar samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum sem tryggja skýra ferla, rekjanleika og áreiðanlega framkvæmd í öllum verkefnum. Vottaðir verkferlar og umfangsmikil reynsla gera HD að traustum samstarfsaðila í verkefnum þar sem gerðar eru miklar kröfur um gæði, öryggi og áreiðanleika.

- **ISO 9001:2015**
Gæðastjórnun og stöðugar umbætur.
- **EN ISO 3834-2**
Vottaðir suðuferlar.
- **EN 1090 (EXC1–EXC4)**
Vottuð framleiðsla stálvirkja.

Sérþekking í orku og veitum

HD hefur áratuga reynslu af þjónustu við djúpdælur og annan lykilbúnað hitaveitna og virkjana. Fyrirtækið rekur jafnframt eina sérhæfða rótorverkstæði landsins og sinnir viðhaldi, viðgerðum og endurbyggingu mikilvægs búnaðar fyrir íslenskan orkuiðnað.

- **Reynsla sem skiptir máli**
 - **25+** ára sérþekkingu í djúpdælum
 - **150+** djúpdælur hannaðar og settar upp
 - Sérhæft **rótorverkstæði**
 - ISO vottaðir verkferlar

Þjónusta við lykilatvinnugreinar Íslands



HD þjónustar lykilatvinnugreinar þar sem stöðugur rekstur, öflugir innviðir og áreiðanlegur búnaður skipta miklu máli. Fjölbreytt sérþekking, eigin verkstæði og vettvangsþjónusta gera HD kleift að sinna verkefnum af ólíkum toga fyrir fyrirtæki um allt land.

➤ Virkjanir og orkufyrirtæki

Viðhald, viðgerðir og endurnýjun rótora, rafala, leiðiskófla og annars lykilbúnaðar virkjana.

➤ Stóriðja

Stálsmíði, véltækni, vottuð suða og viðhaldsþjónusta fyrir stóriðju.

➤ Fiskeldi

Dælukerfi, lagnir, búnaður, viðhald og tækniþjónusta fyrir landeldi og sjóeldi.

➤ Veitur

Þjónusta við djúpdælur, dælukerfi, lagnir og annan búnað hitaveitna og vatnsveitna.

➤ Útgerð

Stálsmíði, véltækni, viðgerðir og viðhald fyrir skip og fiskvinnslur.

➤ Matvælaiðnaður

Ryðfríar lausnir, lagnakerfi, vélbúnaður og viðhaldsþjónusta fyrir matvælaframleiðslu.

Ástandsdrifið viðhald – meiri fyrirsjáanleiki, minni niðritími

Rekstraröryggi byggir ekki á tilviljunum heldur upplýstum ákvörðunum.

Með ástandsgreiningu og sívöktun er hægt að greina frávik áður en þau valda bilunum og skipuleggja viðhald út frá raunverulegu ástandi búnaðar.

Þjónustan nær m.a. til:

- Titringismælinga
- Þykktarmælinga
- Skaðlausra prófana (NDT)
- Sívöktunar og gagnagreiningar